

L Ö G

59
8. sept.

um

breyting á lögum nr. 46. 15. júní 1926, um útsvör.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 27. gr. laganna komi:

Þó má hreppsnefnd, með samþykki sýslunefndar, og bæjarstjórn, með samþykki atvinnumálaráðherra, ákveða aðra gjalddaga á útsvörum.

2. gr.

30. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Ef útsvar er ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða hreppssjóði eða bæjarsjóði dráttarvöxtu af því, sem ógreitt er, 1% fyrir tvo fyrstu mánuðina og 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem líður þar fram yfir frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar jafnskjótt sem þau hafa öðlzt staðfestingu konungs.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.